



Alþingi
Mál nr. P 132/56
komuungr 17.11.2005

Krabbameinsfélagið

Til Heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis
Nefndasvið Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

16. nóvember 2005

Umsögn um þált. um um skipulagða leit að krabbameini í ristli, 13. mál

Við þökkum fyrir að fá tækifæri til þess að gefa umsögn um ofangreint mál fyrir hönd Krabbameinsfélags Íslands.

Krabbameinsfélagið fagnar því að þingmenn úr öllum stjórnámalflokkum skuli flytja ofangreinda þingsályktunartillögu. Flutningur hennar lýsir skilningi þingmanna á mikilvægi forvarna, bæði hvað varðar heilbrigðan lífsstíl og einnig gildi þess að greina og meðhöndla krabbamein eins snemma og kostur er. Íslendingar eru nú þegar í fremstu röð hvað varðar skipulagða leit að krabbameinum í leghálsi og brjóstum kvenna. Lifun kvenna, sem greinast með þessa sjúkdóma á Íslandi er með því besta, sem þekkist. Krabbameinsfélag Íslands hefur haft forgöngu um skipulagningu og umsjón slíkrar leitar allt frá byrjun og býr því að mikilli reynslu á þessu sviði.

Hvað varðar ristil- og endaparmskrabbamein þá hafa verið framkvæmdar fjórar slembivalrannsóknir (á Fjóni, Gautaborg, Minnesota og Nottingham) með samanlagt um 330.000 þátttakendum. Þessar rannsóknir staðfesta að regluleg skimun eftir blóði í hægðum hefur leitt til marktækrar 16% lækkunar á dánartíðni þeirra sem valdir voru í rannsóknarhóp þar sem skimað var eftir blóði í hægðum. Þetta er lækkun miðað við þá sem ekki voru valdir í rannsóknarhóp. Ef leiðrétt er fyrir mætingu í skimunarhópnum er lækkunin um 23% og niðurstöðurnar benda jafnframt til þess að ná megi enn hærri marktækni með notkun næmara blóðskimunarprófs (Hemocult Sensa).

Þessi leit byggir á svipuðum forsendum og gilda við leghálskrabbameinsleit, þ.e. að greina sjúkdóminn á byrjunarstigi ífarandi vaxtar eða greina hann á forstigi í slímhúðarsepum (polypar) sem fjarlægðir eru með aðstoð ristilspeglunar. Byggt á niðurstöðum áður nefndra slembivalrannsókna er ljóst að sá árangur sem þegar hefur fengist byggir aðallega á greiningu meinsins á byrjunarstigi áður en það hefur náð að dreifa sér. Lengst af hefur leitin ekki haft áhrif á nýgengi sjúkdómsins í rannsóknarhópnum. Slík lækkun er nú aftur á móti að koma fram í Minnesota-rannsókninni sem bendir til þess að ávinningur af greiningu og brotnámi

slímhúðarsepa taki langan tíma að koma fram. Það eru því allar líkur á því að búast megi við enn frekari lækkun á dánartíðnin rannsóknarhópsins er fram í sækir.


Á grundvelli þessara rannsókna hefur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) og aðrar heilbrigðisstofnanir því mælt með leit að ristil- og endaparmskrabbameini með skimun eftir blóði í hægðum hjá einstaklingum frá 50 ára aldri á eins til tveggja ára fresti. Slík leit er þegar hafin í Finnlandi og takmarkast þar í byrjun við einstaklinga frá 60 ára aldri en stefnt er að því að lækka síðar neðri aldersmörk í 50 ár. Leitin þar er algerlega kostuð af hinu opinbera og er ráðgert að fylgjast vel með niðurstöðum með tilliti til mætinga, fjölda jákvæðra saursýna, fjölda ristilspeglana, fjölda greindra slímhúðarsepa og krabbameina auk áhrifa leitar á nýgengi og dánartíðni sjúkdómsins.


Hér á landi hefur vinnuhópur á vegum landlæknis lagt til að hefja leit meðal karla og kvenna á aldrinum 55-70 ára á tveggja ára fresti. Lagt er til að Leitarstöð Krabbameinsfélagsins verði falið að sjá um boðun og mögulega einnig að annast skimun eftir blóði í hægðum. Í samræmi við framkvæmd legháls- og brjóstakrabbameinsleitar gerir nefndin ráð fyrir að fyrsta ristilspeglun hjá einstaklingi með blóð í hægðum fari fram á sérstakri skimunarstöð og væri hún í beinum tengslum við stjórnstöð leitarinnar sem ef til vill yrði á Leitarstöð Krabbameinsfélagsins. Reynsla Leitarstöðvar af rekstri núverandi legháls- og brjóstakrabbameinsleitar yrði þannig nýtt til að reka þessa leit á eins hagkvæman og öruggan hátt og kostur er fyrir heilbrigðiskerfi okkar .

Ristil- og endaparmskrabbamein er þriðja algengasta krabbamein karla og kvenna á Íslandi. Það veldur bæði heilsufarstjóni og dauðsföllum. Hægt er að greina sjúkdóminn á forstigi og byrjunarstigi ífarandi vaxtar þar sem meðferð sjúkdómsins er árangursrík. Með hliðsjón af fenginni reynslu erlendra slembivalsrannsókna og reynslu okkar af skipulegri krabbameinsleit mælir Krabbameinsfélag Íslands því eindregið með að leit að ristil- og endaparmskrabbameini verði hafin hér á landi og er félagið tilbúið að leggja sitt af mörkum til að tryggja að sú leit skili árangri.

Með vinsemd,

f.h. Krabbameinsfélags Íslands,


Guðrún Agnarsdóttir forstjóri
Krabbameinsfélags Íslands


Kristján Sigurðsson sviðsstjóri Leitarsviðs
Krabbameinsfélags Íslands